

Örmerki árið 2000

Eydís Njarðardóttir

febrúar 2001

X: Takmörkuð útgáfa, ekki má vitna til nema með leyfi höfundar.

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	2
Niðurstöður	3
Þakkarorð	4
Myndir	5
Töflur	6

Inngangur

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir seiðamerkingum árið 2000 og endurheimtum á merkjum sama ár.

Margs konar tilgangur er með merkingum fiska. Það getur verið að afla gagna um ferðir þeirra, atferli, vöxt, dánartíðni, hámarksaldur og í hvers konar umhverfisskilyrðum fiskurinn lifir. Merki eru þá valin eftir því hvaða spurningum er ætlað að svara hverju sinni. Ein algengasta notkun merkja við laxfiskarannsóknir hérlandis hefur verið að merkja ákveðna hópa laxaseiða sem hafa verið aldir við tilteknar aðstæður, náð vissri stærð eða sleppt á tiltekinn hátt svo dæmi séu tekin. Þegar laxinn hefur dvalið í sjónum eitt til tvö ár skilar hann sér til baka. Þá er merkjanna leitað og fæst þá niðurstaða um það í hvaða mæli hver hópur hefur skilað sér af þeim sem upphaflega voru merktir. Með tilkomu einstaklingsmerkinga er hægt að fara nánar ofan í saumana á þessum þáttum og skoða hvaða einstaklingar með ákveðna eiginleika hafa meiri möguleika til að lifa af en aðrir.

Í dag eru í notkun nokkrar tegundir merkja. Misjafnt er hvaða merki hentar best í hverju tilviki og koma þar inn þættir eins og stærð fisks, stærð merkja, og hvort hægt er að lesa af þeim án þess að drepa fiskinn. Einnig er verið merkja mismunandi. Þau merki sem helst eru notuð eru: slöngumerki (spaghettimerki) og örmerki en einnig hafa verið notuð Pit-merki og mælimerki.

Slöngumerki eru útvortis plastmerki sem eru fest neðan við bakugga fisksins. Þau eru 5 sm löng, á þau er skrifað IS (tákn Íslands) og síðan 5 til 6 stafa tala. Merkin eru mismunandi á lit til að auka möguleika á númerum. Merking með slöngumerkjum getur verið einstaklings- eða hópmerking. Hægt er að lesa slöngumerki án þess að þurfa að drepa fiskinn. Auðvelt er að nota þessi merki en þau henta ekki til að merkja seiði. Þau hafa helst verið notuð til að merkja silung og fullorðin lax. Merkið kostar 50 kr. (Vinna við merkingu ekki inn í þessari tölu.)

Örmerki er málmsívalningur sem á hefur verið skrifað númer. Merkið er 1.1 mm á lengd og 0,25 mm í þvermál úr segulmögnuðu ryðfríu stáli. Merkinu er stungið með holnál inn í fituvef í haus fisksins með sérstakri vél. Merkið hefur verið segulmagnað til að auðvelda fund þess aftur í fisknum. Veiðuggi er klipptur af örmerktum fiski til að auðkenna hann. Örmerki hentar vel til að merkja seiði en ekki er hægt að merkja stóran fisk. Hægt er að merkja einstaklinga en algengast er að merkja hópa. Ekki er hægt að lesa örmerki án þess að drepa fisk og það þarf að nota víðsjá til að lesa númerið. Merking með örmerki kostar 38 kr (verðskrá 2000, að lágmarki 4000 stk.)

Örmerki hafa verið notuð síðan 1974. Fyrstu árin voru merkin þannig að einungis var hægt að merkja hópa því það hver spóla (u.þ.b. 10 þús. merki) var með sama númerinu en síðari ár hafa merkin verið þannig að hvert merki er með sérnúmeri. Með tilkomu raðnúmera merkjanna opnaðist sá möguleiki að merkja einstaklinga. Frá upphafi voru merkin með tvíundarkerfisnúmerum. Fyrst 4 bita en síðan 7 bita og nú síðast 7 bita raðnúmera merki (mynd 1). Framleiðslu þessara merkja var hætt 1999 og vorið 2000 var síðast merkt með þannig merkjum en við tóku ný merki sem hafa tugakerfisnúmer (mynd 2). Öll örmerki eru merkt því landi sem notar þau, hefur Ísland sitt landsnúmer (63) þannig að ef fiskur fer milli landa sést það greinilega.

Pit-merki eru rafeindamerki sem eru 0,3 x 1 sm á lengd og eru þau sett inn í kviðarhol fisks. Þau byggja á samskonar tækni og strikamerkingar í stórmörkuðum og því hægt að lesa af merkinu án þess að farga fiskinum. Bæði er hægt að merkja seiði og stóran fisk. Hvert merki hefur sitt númer en til að lesa þau þarf sértæki og kemur númerið fram á skjá þess eða hægt er að tengja tækið beint við tölvu. Númerið er 10 tákn og notað er sextánst talnakerfi (grunntala er 16 og eru notaðar tölur 0-9 og bókstafir A-F). Merkið kostar 150 kr.

Mælimerki voru þróuð af Stjörnu-Odda í samvinnu við Veiðimálastofnun og Hafrannsókastofnun. Þau komu á markað 1994. Mælimerki voru fyrst 18 x 48 mm að stærð en eru í dag 13 x 46 mm. Þau eru ýmist fest við bakugga eða sett inn í kviðarhol fisksins. Merkið er síriti og skráir upplýsingar um umhverfið inn í minni, sem lesið er af þegar merkið endurheimtist. Mögulegir mælipættir eru hitastig, dýpi (þrýstingur), selta (leiðni) og halli. Velja þarf mælipætti og tíðni mælinga en minnið rúmar 32676 mælingar. Til að ná upplýsingunum úr merkinu þarf að opna það og tengja með búnaði við tölvu. Þá þarf forrit til að flytja gögnin úr merkinu inn í tölvuna. Ekki er hægt að merkja seiði með þessum merkjum en vonir eru til að næsta kynslóð þessara merkja verði það smá að hægt verði að koma þeim inn í stór gönguseiði. Merkið kostar 15 til 25 þús. kr. (án vsk.)

Allar merkingar byggja á því að endurheimta merkin aftur með einhverjum hætti. Einungis eru að skila sér 1-20 merktir laxar úr sjó af hverjum 1000 merktum í upphafi. Því er hvert merki dýrmætt. Þar sem héraendis eru veiddir tugir þúsunda laxfiska á hverju sumri, myndi það æra óstöðugan ef rannsóknarfólk þyrfti að vera við hverja veiðiá til þess að fylgjast með endurheimtum merkja allt sumarið. Því þurfa vísindamenn að treysta á veiðiverði, veiðimenn eða einhvern fulltrúa sinn á vettvangi til þess að fara í gegnum afla hvers dags og leita merkja. Nánast undantekningalaust hafa veiðimenn sýnt þessu mikinn skilning og eru skilvísir á merki, jafnvel þótt þeir þurfi að hafa smá fyrirhöfn og missa trónuna af nýveidda laxinum sínum. Til þess að örva skil enn frekar á merkjum til Veiðimálastofnunar, hefur stofnunin happdrætti fyrir þá sem skila inn merkjum og eru fyrstu vinningar yfirleitt veiðileyfi í góðri á. Vonum við að þetta góða samstarf haldist hér eftir sem hingað til.

Niðurstöður


Vorið 2000 voru örmerkt 86546 gönguseiði (tafla 1), einnig voru örmerkt 2514 náttúruleg gönguseiði í seiðagildrum í lykilám (tafla 2). Örmerkt voru 38063 seiði (smáseiði) sem var sleppt síðsumars og fram á haust (tafla 3). Og í Veiðivötn var sleppt 600 slöngumerktum urriðum (tafla 4). Árið 2000 var einnig merktur norskur eldisfiskur sem fór í sjókvíar (tafla 5).

Árið 2000 bárust til Veiðimálastofnunar 864 sýni, þar af voru 21 frá árinu 1998 öll úr sömu ánni en bárust ekki fyrr en nú. Endurheimtur gönguseiða og smáseiða eru skráðar eftir árgöngum og sleppihópum (töflur 6-12), einnig er skrá yfir villur milli vatnakerfa (tafla 13). Þessari samantekt er ekki ætlað að vera tæmandi heldur til glöggvunar en betri upplýsingar verði settar í skýrslur um einstakar ár. Í ágúst veiddist í sjó við Ísland lax frá Írlandi.



Í þessari samantekt eru ekki talin þau slöngumerki eða mælimerki sem hafa borist en flestar upplýsingar má finna um örmerkingar. Ekki er heldur tekið fram hvað mörg sýni voru merkislaus. Eins og áður segir eru ekki örmerki í öllum sýnum sem berast. Ástæður fyrir því geta verið nokkrar. Í fyrsta lagi, fiskurinn var klipptur og merktur en merki fór ekki í fiskinn (þessi merki eru ekki talin með þegar merkt er, aukaskot). Í öðru lagi, fiskurinn er með mjög lítinn veiðiugga þannig að menn eru ekki vissir um hvort hann er klipptur. Í þriðja lagi, þá var ekki skorið nægjanlega stórt stykki af trjónu fisksins þannig að merkið hefur orðið eftir í fiskinum og skilar sér því ekki.

Þakkarorð

Flest allir starfmenn Veiðimálastofnunar hafa komið að seiðamerkingum. Sumarliði Óskarsson bjó til myndir. Þórólfur Antonsson las yfir handrit. Öllum færi ég mínar bestu þakkir.



Mynd 1. Tviundarkerfis örmerki.



Mynd 2. Tugakerfis örmerki.

Tafla 1. Gönguseiðaörmerking árið 2000.

Sleppistaður	Sleppisvæði	Teg	Aldur	Stofn	Merkingardagur	Fjöldi	Nr. Hóps	Merkingarstaður	Athugasemdir
Elliðaár	Ker 1	Lax	1+	Elliðaár	8.12.1999	2500	00-005	Fellsmúli	*
Elliðaár	Ker 2	Lax	1+	Elliðaár	8.12.1999	2513	00-006	Fellsmúli	*
Elliðaár	Ker 3	Lax	1+	Elliðaár	17.4.2000	2505	00-007	Fellsmúli	*
Elliðaár	Ker 1	Lax	1+	Elliðaár	17.12.1999	1600	00-004	Fellsmúli	
Elliðaár	Ker 3	Lax	1+	Elliðaár	16.5.2000	1069	00-012	Fellsmúli	
Elliðaár	Tjarnir	Lax	1+	Elliðaár	18.4.2000	2022	00-008	Fellsmúli	
Elliðaár	Tjarnir	Lax	1+	Elliðaár	18.4.2000	5166	00-009	Fellsmúli	
Elliðaár	Tjarnir	Lax	1+	Elliðaár	25.4.2000	4493	00-010	Fellsmúli	
Elliðaár	Tjarnir	Lax	1+	Elliðaár	25.4.2000	337	00-011	Fellsmúli	
Laxá í Leirársveit		Lax	1+	Laxá í Leirársveit	9.5.2000	7535	00-013	Laxeýri	
Norðurá		Lax	1+	Norðurá	11.5.2000	3009	00-014	Laxeýri	
Hrútafjarðará		Lax	1+	Hrútafjarará	3.5.2000	1990	00-015	Hólalax	
Miðfjarðará		Lax	1+	Miðfjarðará	2.5.2000	2612	00-016	Hólalax	
Fnjóská	Tjörn	Lax	1+	Fnjóská	28.9.1999	10013	00-017	Norðurlax	
Laxá í Aðaldal		Lax	1+	Laxá í Aðaldal	4.5.2000	3007	00-020	Norðurlax	
Breiðdalsá	Norðurdalsá	Lax	1+	Laxá í Aðaldal	5.5.2000	1005	00-023	Norðurlax	
Breiðdalsá	Suðurdalsá	Lax	1+	Laxá í Aðaldal	5.5.2000	1002	00-021	Norðurlax	
Breiðdalsá	Þverá	Lax	1+	Laxá í Aðaldal	5.5.2000	1005	00-022	Norðurlax	
Breiðdalsá	Þverá	Lax	1+	Breiðdalsá	23.5.2000	1010	00-024	Fellsmúli	
Hólsá	Austurbakki	Urriði	1+	Hólsá	23.5.2000	1000	00-027	Fellsmúli	
Þverá	Bollakot	Lax	1+	Koll	25.5.2000	508	00-047	Hallkelshólar	
Þverá	Hundsmelur	Lax	1+	Koll	25.5.2000	505	00-048	Hallkelshólar	
Þverá	Lambey	Lax	1+	Koll	25.5.2000	504	00-046	Hallkelshólar	
Þverá	Neðri Þverá	Lax	1+	Koll	25.5.2000	506	00-049	Hallkelshólar	
Eystri Rangá	Dýjanes	Lax	1+	Rangár	22.5.2000	1010	00-042	Fellsmúli	
Eystri Rangá	Fiská	Lax	1+	Koll	25.5.2000	1003	00-044	Hallkelshólar	
Eystri Rangá	Rimahylur	Lax	1+	Koll	24.5.2000	1004	00-037	Hallkelshólar	
Eystri Rangá	Skollatangi	Lax	1+	Rangár	23.5.2000	1007	00-041	Fellsmúli	
Eystri Rangá	Strandasíki	Lax	1+	Koll	24.5.2000	1002	00-051	Hallkelshólar	
Eystri Rangá	Tungufoss	Lax	1+	Rangár	22.5.2000	1005	00-040	Fellsmúli	
Eystri Rangá	Öldufjörn	Lax	1+	Lárós	12.5.2000	990	00-039	Laxeýri	
Eystri Rangá	Öldufjörn	Lax	1+	Lárós	11.5.2000	1002	00-038	Laxeýri	

Tafla 1. Framhald.

Sleppisstaður	Sleppisvæði	Teg	Aldur	Stofn	Merkingardagur	Fjöldi	Nr. Hóps	Merkingarstaður	Athugasemdir
Ytri Rangá	Árbugur	Lax	1+	Norðurá	12.5.2000	1035	00-029	Laxeyri	
Ytri Rangá	Bjallarlækur	Lax	1+	Koll	25.5.2000	1001	00-045	Hallkels hólar	
Ytri Rangá	Djúpiós	Lax	1+	Koll	24.5.2000	1003	00-052	Hallkels hólar	
Ytri Rangá	Galtalækur	Lax	1+	Rangár	19.5.2000	1006	00-030	Fellsmúli	
Ytri Rangá	Jónsbreiða	Lax	1+	Rangár	19.5.2000	1010	00-031	Fellsmúli	
Ytri Rangá	Hella 1	Lax	1+	Rangár	22.5.2000	1005	00-043	Fellsmúli	
Ytri Rangá	Hella l-h	Lax	1+	Rangár	18.5.2000	3010	00-035	Fellsmúli	
Ytri Rangá	Hella l-k	Lax	1+	Rangár	16.5.2000	3010	00-033	Fellsmúli	
Ytri Rangá	Hella s-h	Lax	1+	Rangár	18.5.2000	3017	00-034	Fellsmúli	
Ytri Rangá	Hella s-k	Lax	1+	Rangár	16.5.2000	3002	00-032	Fellsmúli	
Ytri Rangá	Hrafnótífir	Lax	1+	Koll	24.5.2000	1005	00-036	Hallkels hólar	
Ytri Rangá	Hróarslækur	Lax	1+	Koll	26.5.2000	1003	00-050	Hallkels hólar	
Ytri Rangá	Geldingalækur	Lax	1+	Dalir	12.5.2000	1000	00-028	Laxeyri	
Samtals:						86546			

* Það drapst hluti af þessum seiðum

Sogið Bilof. lax 1+ Sogið 15500 2019 00-056 Spóast
Sogið Sakkabm/lax 1+ " 2015 00-057 Spóast.

Tafla 2. Örmerking gönguseiða í seiðagildrum í lykilám árið 2000.

Sleppistaður	Sleppistaður	Tegund	Aldur	Stofn	Merking byrjar	Merking endar	Fjöldi	Athugasemdir
Elliðaár	Gildra	Lax	?	Elliðaár	22.5.2000	6.6.2000	799	
Austurá	Gildra	Lax	?	Austurá	18.6.2000	19.7.2000	401	
Vesturdalsá	Gildra	Lax	?	Vesturdalsá	7.6.2000	5.7.2000	1314	
Samtals:							2514	

Tafla 3. Örmerking smáseiða árið 2000.

Sleppistaður	Sleppistaður	Tegund	Aldur	Sleppimán.	Stofn	Merkingardagur	Fjöldi	Athugasemdir
Elliðaár	Vesturkvísl	Lax	0+	Júlí	Elliðaár	11.7.2000	6217	Rep 1
Elliðaár	Vesturkvísl	Lax	0+	Júlí	Elliðaár	12.7.2000	5800	Rep 2
Laxá í Aðaldal		Lax	0+	Ágúst	Laxá í Aðaldal	23.8.2000	5335	Rep 1
Laxá í Aðaldal		Lax	0+	Ágúst	Laxá í Aðaldal	23.8.2000	2678	Rep 2
Þingvallavatn		Urriði	0+	Júní	Þingvallavatn	10.6.2000	8012	
Þjórsá	Hagi	Lax	0+	Júlí	Þjórsá	14.7.2000	4000	
Þjórsá	Austan megin	Lax	0+	Júlí	Þjórsá	14.7.2000	3000	
Þjórsá	Fossá	Lax	0+	Júlí	Þjórsá	15.7.2000	3021	
Samtals:							38063	

Tafla 4. Slöngumerking í Veðiðvötn árið 2000.

Sleppistaður	Sleppistaður	Tegund	Aldur	Sleppimán.	Stofn	Merkingardagur	Fjöldi	Athugasemdir
Veðiðvötn	Litli sjór	Urriði	1+	Veðiðvötn	Veðiðvötn	20.7.2000	200	
Veðiðvötn	Grænavatn	Urriði	1+	Veðiðvötn	Veðiðvötn	20.7.2000	200	
Veðiðvötn	Stórafossvatn	Urriði	1+	Veðiðvötn	Veðiðvötn	20.7.2000	200	
Samtals:							600	

Tafla 5. Merking seiða í kvíar árið 2000.

Fyrirtæki	Staðsetning	Tegund	Aldur	Merkingard.	Fjöldi	Athugasemdir
Silungur	Stakksvík	N. Lax	1+	6.2000	3000	Sp. Merki
Silungur	Stakksvík	N. Lax	1+	11.10.2000	5000	Örmerki
Samtals:					8000	

Tafla 6. Gönguseiði merkt 1999 og endurheimt 2000.

Sleppistaður	Sleppisvæði	Tegund	Fj. merkttra seiða	Endurh. eftir 1 ár	% endurh. í veiði	Fjöldi veiðdra í öðrum ám	% endurh. með villum	Merkingarstaður	Merkingardagur	Númer hóps	Athugasemdir
Elliðaár	Ker 1	Lax	2501	16	0,64		0,64	Fellsmúli	1.12.1998	99-006	Klakf. ekki með
Elliðaár	Ker 2	Lax	2500	12	0,48		0,48	Fellsmúli	1.12.1998	99-005	Klakf. ekki með
Elliðaár	Ker 3	Lax	2507	10	0,40		0,40	Fellsmúli	27.4.1999	99-007	Klakf. ekki með
Elliðaár	Tjarnir	Lax	9680	29	0,30	1	0,31	Fellsmúli	28.4.1999	99-008	Klakf. ekki með
Laxá í Leirársveit	F.n. Eyrafoss	Lax	7514	43	0,57	1	0,59	Laxeyri	4.5.1999	99-009	
Norðurá	F.n. Veiðilæk	Lax	3002	16	0,53	1	0,57	Laxeyri	6.5.1999	99-013	
Gjufurá		Lax	1970	2	0,10	1	0,15	Laxeyri	3.5.1999	99-014	
Langá		Lax	1008	13	1,29		1,29	Laxeyri	7.5.1999	99-015	2+
Filjótaá	Efni slepping	Lax	2007	2	0,10	1	0,15	Hólalax	13.4.1999	99-016	
Filjótaá	Neðri slepping	Lax	2212	3	0,14	1	0,18	Hólalax	13.4.1999	99-017	
Fniöská	Tjörn	Lax	10056	29	0,29		0,29	Norðurlax	29.10.1998	99-018	
Laxá í Aðaldal		Lax	6031	26	0,43	2	0,46	Norðurlax	14.5.1999	99-019, 020	
Laxá í Aðaldal		Lax	824	3	0,36		0,36	Norðurlax	27.5.1999	99-063	
Hölná		Lax	1998	9	0,45	6	0,75	Norðurlax	16.4.1999	99-021	
Hafralónsá		Lax	204		0,00		0,00	Norðurlax	27.5.1999	99-062	
Breiðdalsá	Norðurdalsá	Lax	1000	1	0,10		0,10	Norðurlax	16.4.1999	99-023	
Breiðdalsá	Suðurdalsá	Lax	999		0,00		0,00	Norðurlax	16.4.1999	99-024	
Breiðdalsá	Þverá	Lax	1003	1	0,10	1	0,20	Norðurlax	17.4.1999	99-022	
Hólsá	Austurbakki	Urriði	1004		0,00		0,00	Fellsmúli	13.5.1999	99-050	
Þverá	Bollakot	Lax	271		0,00		0,00	Laugar	21.5.1999	99-033	
Þverá	Lambey	Lax	255		0,00		0,00	Laugar	21.5.1999	99-034	
Eystri Rangá	Dýjanes	Lax	1002	18	1,80		1,80	Laxeyri	4.5.1999	99-030	
Eystri Rangá	Fiská	Lax	1005	6	0,60		0,60	Laxeyri	6.5.1999	99-027	
Eystri Rangá	Rimahyllur	Lax	770		0,00		0,00	Laugar	21.5.1999	99-031	Rep 1
Eystri Rangá	Rimahyllur	Lax	242		0,00		0,00	Laugar	21.5.1999	99-032	Rep 2
Eystri Rangá	Skollatangi	Lax	1009	9	0,89		0,89	Fellsmúli	13.5.1999	99-026	
Eystri Rangá	Strandasíki	Lax	1004	29	2,09		2,09	Laxeyri	6.5.1999	99-028	
Eystri Rangá	Tunguvað	Lax	1005	21	0,40		0,40	Fellsmúli	12.5.1999	99-025	
Eystri Rangá	Öldutjörn	Lax	1012	4	0,20		0,20	Laxeyri	4.5.1999	99-029	
Ytri Rangá	Arbugur	Lax	1002		0,00		0,00	Laugar	14.5.1999	99-041	
Ytri Rangá	Bjallalækur	Lax	800	1	0,13		0,13	Laugar	21.5.1999	99-039	
Ytri Rangá	Bjallalækur	Lax	140		0,00		0,00	Laugar	21.5.1999	99-040	
Ytri Rangá	Bjallalækur	Lax	1005	6	0,60		0,60	Fellsmúli	13.5.1999	99-048	
Ytri Rangá	Geldingalækur	Lax	1006	3	0,30		0,30	Fellsmúli	13.5.1999	99-049	
Ytri Rangá	Hella	Lax	1025	1	0,10	3	0,39	Laxeyri	5.5.1999	99-037	

Tafla 6. Framhald.

Sleppistaður	Sleppisvæði	Tegund	Fj. merktra seiða	Endurh. eftir 1 ár	% endurh. í veiði	Fjöldi veiddra í öðrum ám	% endurh. með villum	Merkingarstaður	Merkingardagur	Númer hóps	Athugasemdir
Ytri Rangá	Hella l-h	Lax	3005	13	0,43		0,43	Fellsmúli	11.5.1999	99-045	
Ytri Rangá	Hella l-k	Lax	3017	23	0,76		0,76	Fellsmúli	11.5.1999	99-046	
Ytri Rangá	Hella s-h	Lax	3005	6	0,20		0,20	Fellsmúli	10.5.1999	99-044	
Ytri Rangá	Hella s-k	Lax	3003	15	0,50		0,50	Fellsmúli	12.5.1999	99-047	
Ytri Rangá	Hrafnótíflir	Lax	1000	5	0,50		0,50	Laxeýri	7.5.1999	99-035	
Ytri Rangá	Hrafnótíflir	Lax	1004	4	0,40		0,40	Laugar	14.5.1999	99-043	
Ytri Rangá	Hróarslækur	Lax	1007		0,00	1	0,10	Laugar	14.5.1999	99-042	
Ytri Rangá	Jónsbreiða	Lax	1004	1	0,10		0,10	Laxeýri	5.5.1999	99-036	
Ytri Rangá	Jónsbreiða	Lax	990		0,00	1	0,10	Laugar	21.5.1999	99-038	
Sogið	Bildsfell	Lax	1903	12	0,63		0,63	Spóastaðir	20.5.1999	99-059	Rep 1
Sogið	Bildsfell	Lax	102		0,00		0,00	Spóastaðir	20.5.1999	99-060	Rep 2
Sogið	Sakkarhólmur	Lax	2002	9	0,45		0,45	Spóastaðir	20.5.1999	99-061	

Tafla 7. Gönguseiði merkt árið 1998 og endurheimt árið 2000.

Sleppistaður	Sleppisvæði	Tegund	Fj. merktra seiða	Endurh. eftir 2 ár	% endurh. í veiði	Fjöldi veiddra í öðrum ám	% endurh. með villum	Merkingarstaður	Merkingardagur	Númer hóps	Athugasemdir
Elliaár	Inni	Lax	1834	1	0,05		0,05	Elliaárstöð	20.1.1998	98-009	
Laxá í Leirársveit	Fyrri start	Lax	4990	4	0,08		0,08	Laxeýri	28.4.1998	98-014	
Laxá í Leirársveit	Seinna start	Lax	5014	5	0,10		0,10	Laxeýri	29.4.1998	98-015	
Miðfjarðará		Lax	4009	2	0,05		0,05	Hólalax	1.4.1998	98-022	
Fniðská	Tjörn, stærri seið	Lax	5010	2	0,04		0,04	Laxamýri	6.9.1997	98-028	
Laxá í Aðaldal		Lax	3505	5	0,14		0,14	Laxamýri	5.2.1998	98-030	
Laxá í Aðaldal		Lax	2534	1	0,04		0,04	Laxamýri	8.2.1998	98-031	
Selá		Lax	2200	2	0,09		0,09	Laxamýri	4.2.1998	98-035	Rep 1
Selá		Lax	3022	1	0,03	1	0,07	Laxamýri	4.2.1998	98-036	Rep 2
Hofsá		Lax	10001	7	0,07	1	0,08	Laxamýri	6.2.1998	98-040	
Breiðdalsá	Norðurdalsá	Lax	598	2	0,33		0,33	Fellsmúli	7.5.1998	98-043	Rep 2
Breiðdalsá	Suðurdalsá	Lax	989	1	0,10		0,10	Fellsmúli	7.5.1998	98-044	
Ytri Rangá	Bjallalækur	Lax	1006	1	0,10		0,10	Fellsmúli	6.5.1998	98-069	
Ytri Rangá	Hella s-h	Lax	3006		0,00	1	0,03	Fellsmúli	13.5.1998	98-066	
Ytri Rangá	Hella s-k	Lax	3005	1	0,03		0,03	Fellsmúli	14.3.1998	98-065	
Ytri Rangá	Hrafnótíflir	Lax	1002	1	0,10		0,10	Laugar	20.4.1998	98-058	
Ytri Rangá	Hrafnótíflir	Lax	1000	1	0,10		0,10	Fellsmúli	6.5.1998	98-067	

Tafla 8. Endurheimtur árið 2000 úr smáseiddamerkingum.

Sleppistaður	Sleppisvæði	Tegund	Fj. merktra seiða	Endurh. 2000	% endurh. í veiði	Fjöldi veiddra í öðrum ám	% endurh. með villum	Merkingarstaður	Merkingardagur	Númer hóps	Athugasemdir
Ellidaár	Árbæjarkvísl	Lax	2613	1	0,04		0,04	Ellidaárstöð	28.8.1997	98-002	
Ellidaár	Selvatn-suður	Lax	2494	1	0,04		0,04	Fellsmúli	19.6.1998	99-003	
Ellidavatn		Lax	5011	5	0,10		0,10	Ellidaárstöð	2.9.1997	98-001	
Miðfjarðará	Núpsá	Lax	1217	1	0,08		0,08	Hólalax	25.8.1996	97-019	
Miðfjarðará	Steinssstaðá	Lax	2902	3	0,10		0,10	Hólalax	16.8.1997	98-021	
Vatnsdalsá	Álka	Lax	2765	1	0,04		0,04	Hólalax	24.8.1996	97-022	
Vatnsdalsá	Álka	Lax	2002	5	0,25		0,25	Hólalax	16.8.1997	98-025	
Vatnsdalsá	Hólkotskvísl efri	Lax	1959	4	0,20	1	0,26	Hólalax	16.8.1997	98-023	Rep 1
Vatnsdalsá	Hólkotskvísl efri	Lax	47		0,00		0,00	Hólalax	16.8.1997	98-024	Rep 2
Hofsá	Laxgengi hluti	Lax	3590	3	0,08		0,08	Laxamýri	27.8.1996	97-039	
Hofsá	Ólaxgengi hluti	Lax	2300	1	0,04		0,04	Laxamýri	28.8.1996	97-041	
Hofsá	Ofan foss	Lax	4997	2	0,04		0,04	Laxamýri	4.9.1997	98-037	
Þjórsá	Fossá	Lax	3347		0,00		0,00	Fellsmúli	30.6.1998	99-055	
Þjórsá	Hagi	Lax	3003	6	0,20		0,20	Fellsmúli	29.6.1998	99-057	Rep 1
Þjórsá	Hagi	Lax	340	1	0,29		0,29	Fellsmúli	30.6.1998	99-056	Rep 2
Þjórsá	Hagi	Lax	4000	2	0,05		0,05	Fellsmúli	14.7.2000	01-***	
Þjórsá	Þverá	Lax	3383	2	0,06		0,06	Fellsmúli	30.6.1998	99-054	

Tafla 9. Endurheimtur árið 2000 af örmerktum urriða í þingvallavatni.

Sleppistaður	Sleppisvæði	Tegund	Fj. merktra seiða	Endurh. 2000	% endurh. í veiði	Fjöldi veiddra í öðrum ám	% endurh. með villum	Merkingarstaður	Merkingardagur	Númer hóps	Athugasemdir
Þingvallavatn		Urriði	8012	5	0,06		0,06	Fellsmúli	10.6.2000	01-***	
Þingvallavatn	Norðurendi	Urriði	1203					Kollafjörður	5.10.1992	93-425	
Þingvallavatn	Norðurendi	Urriði	1203		0,00	1	0,08	Kollafjörður	5.10.1992	93-424	
Þingvallavatn	Suður-og norðurendi	Urriði	1205					Kollafjörður	5.10.1992	93-423	
Þingvallavatn	Suðurendi	Urriði	1204					Kollafjörður	6.10.1992	93-422	
Þingvallavatn	Suðurendi	Urriði	1208					Kollafjörður	6.10.1992	93-421	

Tafla 10. Endurheimtur árið 2000 af örmerktum urriða í Veidivötnum.

Sleppistaður	Sleppisvæði	Tegund	Fj. merktra seiða	Endurh. 2000	% endurh. í veiði	Merkingarstaður	Merkingardagur	Númer hóps	Athugasemdir
Veidivötn	Grænavatn	Urriði	412	2	0,49	Fellsmúli	17.5.1995	95-345	
Veidivötn	Grænavatn	Urriði	1019	28	2,75	Fellsmúli	26.8.1996	96-075	
Veidivötn	Grænavatn	Urriði	1002	21	2,10	Fellsmúli	14.7.1998	99-051	
Veidivötn	Grænavatn	Urriði	504	12	2,38	Fellsmúli	9.7.1999	00-026	
Veidivötn	Litli sjór	Urriði	1005	3	0,30	Fellsmúli	17.5.1994	94-269	
Veidivötn	Litli sjór	Urriði	1002	6	0,60	Fellsmúli	17.5.1995	95-345	
Veidivötn	Litli sjór	Urriði	1008	42	4,17	Fellsmúli	26.8.1996	96-074	
Veidivötn	Litli sjór	Urriði	1012	15	1,48	Fellsmúli	14.7.1998	99-052	
Veidivötn	Litli sjór	Urriði	500	4	0,80	Fellsmúli	9.7.1999	00-025	
Veidivötn	Snijóölduvatn	Urriði	1009	11	1,09	Fellsmúli	14.7.1998	99-051	

Tafla 11. Enduheimtur 2000 úr merkingum í lykilám árið 1999.

Sleppistaður	Sleppisvæði	Tegund	Fj. merktra seiða	Endurh. eftir 1 ár	% endurh. í veiði	Fjöldi veiddra í öðrum ám	% endurh. með villum	Athugasemdir
Ellilðaár	Gildra	Lax	1427	32	2,24		2,24	
Austurá	Gildra	Lax	486	3	0,62		0,62	
Núpsá	Gildra	Lax	590	2	0,34	2	0,68	
Vesturdalsá	Gildra	Lax	1309	17	1,30	4	1,60	

Tafla 12. Enduheimtur 2000 úr merkingum í lykilám árið 1998.

Sleppistaður	Sleppisvæði	Tegund	Fj. merktra seiða	Endurh. eftir 2 ár	% endurh. í veiði	Fjöldi veiddra í öðrum ám	% endurh. með villum	Athugasemdir
Ellilðaár	Gildra	Lax	754	1	0,13		0,13	
Núpsá	Gildra	Lax	1251	2	0,16		0,16	
Austurá	Gildra	Lax	793	2	0,25		0,25	
Vesturdalsá	Gildra	Lax	1054	11	1,04	2	1,23	

Tafla 13. Villur milli vatnakerfa árið 2000.

Númer	Tegund	Veioistaður	Veioisvæði	Veioidagur	kyn	þyngd	lengd	Sleppistaður	Sleppisvæði	Aldur	Fjöldi merkt	Númer hóps	Merkingar-dagur	Merkingar-staður
00-0001	Lax	Blanda	Breiðan	11.6.2000	2	5,60	88,0	Selá		1+	3022	98-036	4.2.1998	Laxamýri
00-0572	Lax	Hofsá		31.7.2000	1	2,90	39,0	Núpsá	Gildra	?	172	99-088	7.7.1999	Núpsá
00-0581	Lax	Hofsá		10.9.2000	1	2,10	62,0	Vesturdalsá	Gildra	?	190	99-080	7.7.1999	Vesturdalsá
00-0580	Lax	Hofsá		5.9.2000	1	2,10	61,0	Vesturdalsá	Gildra	?	177	99-081	8.7.1999	Vesturdalsá
00-0578	Lax	Hofsá-Sunnudalsá	Fríðalotur	2.8.2000	1	2,70	67,0	Breiðdalsá	Þverá	1+	1003	99-022	17.4.1999	Laxamýri
00-0427	Lax	Húseyjarkvísl	Gullhýlur	20.5.2000	1	2,80	66,0	Fjótáá	Neðri slepping	1+	2212	99-017	13.4.1999	Hólalax
00-0752	Lax	Laxá í Aðaldal		8.8.2000	1	2,30	60,0	Hölkna		1+	1998	99-021	16.4.1999	Laxamýri
00-0742	Lax	Laxá í Aðaldal		27.7.2000	1	3,20	65,0	Vatnsdalsá	Hólkotskvísl efri	0+	1959	98-023	16.8.1997	Hólalax
00-0780	Lax	Laxá í Aðaldal		17.7.2000	2	5,50	85,0	Vesturdalsá	Gildra	?	51	98-150	7.8.1998	Vesturdalsá
00-0482	Lax	Mjófjarðará	A22	7.7.2000	1	2,40	59,0	Hölkna		1+	1998	99-021	16.4.1999	Laxamýri
00-0417	Lax	Mjófjarðará Skeggjas	Fálkafoss	4.8.2000	1	3,20	65,0	Fjótáá	Efri slepping	1+	2007	99-016	13.4.1999	Hólalax
00-0694	Lax	Selá	Neðan við Langhýl		2	2,00	56,0	Hölkna		1+	1998	99-021	16.4.1999	Laxamýri
00-0693	Lax	Selá		26.8.2000	1	2,50	65,0	Núpsá	Gildra	?	70	99-086	28.6.1999	Núpsá
00-0696	Lax	Selá	Langhýlur	15.8.2000	2	3,90	0,0	Vesturdalsá	Gildra	?	66	98-151	8.8.1998	Vesturdalsá
00-0695	Lax	Selá	Réttarhýlur	26.7.2000	1	1,80	0,0	Vesturdalsá	Gildra	?	177	99-081	8.7.1999	Vesturdalsá
00-0699	Lax	Selá	Gústi	31.8.2000	2	2,50	0,0	Vesturdalsá	Gildra	?	115	99-083	10.7.1999	Vesturdalsá
00-0432	Lax	Skjálfandafliót	Barnafellshvammur	23.8.2000	2	5,00	72,0	Hofsá		1+	10001	98-040	6.2.1998	Laxamýri
00-0689	Lax	Sléttuá Reyðarfj.		2.9.2000	1	2,23	62,0	Hölkna		1+	1998	99-021	16.4.1999	Laxamýri
00-0425	Lax	Straumfjarðará	Bænhúshýlur	28.8.2000	1	2,50	65,0	Hölkna		1+	1998	99-021	16.4.1999	Laxamýri
00-0451	Lax	Vatnsdalsá	Hnausastengur	29.7.2000	1	2,30	60,0	Laxá í Aðaldal		1+	5868	99-019	14.5.1999	Laxamýri
00-0460	Lax	Vatnsdalsá	Hnausastengur	20.8.2000	1	2,70	65,0	Laxá í Aðaldal		1+	5868	99-019	14.5.1999	Laxamýri
00-0456	Lax	Vatnsdalsá	Hnausastengur	11.8.2000	1	2,50	0,0	Laxá í Leirarsveit		1+	7514	99-009	4.5.1999	Laxeyri
00-0682	Lax	Víðidalsá Steingr.fj		2.9.2000	1	4,00	67,0	Hölkna		1+	1998	99-021	16.4.1999	Laxamýri
00-0146	Lax	Í Sjó	66°11'N 24°14'V	8.2000	2	2,80	65,0	Vesturströnd Írlands						
00-0318	Lax	Ölfusá	Eyrin Selfossi	3.8.2000	1	2,10	56,0	Norðurá	Neðan Eyrarfoss	1+	3002	99-013	6.5.1999	Laxeyri
00-0180	Lax	Úlfarsá	Foss	6.9.2000	2	1,50	48,0	Elfiðabár	Sleppitjörn	1+	9680	99-008	28.4.1999	Fellsmúli